



# Innra mats skýrsla

Hríseyjarskóli  
Akureyrarbær

<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
<b>Ytra mat</b>	<b>4</b>
<b>Starfsáætlun um innra mat</b>	<b>5</b>
<b>Niðurstöður mats</b>	<b>5</b>
Nám og kennsla	6
Innra mat	7
Heildarniðurstaða innra mats - myndræn	8
<b>Umbótaáætlun skólaársins 2021-2022</b>	<b>9</b>

# Inngangur

Haustið 2020 var gæðaráð stofnað í Hríseyjarskóla og fjallar skýrsla þessi um helstu viðfangsefni innra mats á árinu 2020 - 2021. Nú í lok skólaársins 2020-2021 er staðan þannig að búið er að endurskoða alla þætti innra mats skólans og setja gæðaviðmið um stjórnun og faglega forystu, nám og kennslu og innra mat. Áherslan í vetur var á grunnskólastig en fyrir næsta vetur verður staðan endurmetin og útbúin matsáætlun fyrir bæði leik- og grunnskólastig og vorið 2022 verður þessi skýrsla samræmd fyrir bæði leik- og grunnskólastig. Hér fyrir neðan má sjá hvernig starfsfólk skólans mat stöðuna út frá gæðaviðmiðum skólans.

1. Staða gagnvart ytra mati
2. Helstu matsþættir
  - Nám og kennsla
    - Inntak, árangur, framfarir
    - Kennsluhættir, gæði náms og kennslu
  - Stjórnun (ekki í ár)
  - Innra mat
    - Framkvæmd innra mats
    - Umbótastarf í kjölfar innra mats

Nýja innra mats skýrslu Hríseyjarskóla er að finna á heimasíðu skólans.

Innra mats teymi Hríseyjarskóla: Hrund Teitsdóttir, Ingibjörg Zophoníasardóttir, Theodóra Kristjánsdóttir, Vilborg Valgeirsdóttir og Þórunn Arnórsdóttir.

# Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í Hríseyjarskóla-grunnskólastigi í september 2019. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik- og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. [Skýrsluna má sjá hér](#). Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á meðfylgjandi mynd.

Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið skólans er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

**RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

**GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

**LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

**GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Í kjölfar ytra mats úttektar Menntamálastofnunar varð til [umbótaáætlun](#) sem starfsfólk hefur unnið eftir allt til dagsins í dag. Umbætur eru langt komnar en halda áfram í vinnu við innleiðingu menntastefnu og gæðaviðmiða á næsta skólaári og þannig tryggjum við stöðugar umbætur framvegis.

## Starfsáætlun um innra mat

Helsta markmið Hríseyjarskóla í tengslum við innra mat skólaársins 2020 - 2021 var að stofna gæðaráð sem framvegis heldur utan um innra mat skólans og vinnur að innleiðingu á nýrri Menntastefnu Akureyrarbæjar. Gæðaráðið var sem áður sagði stofnað að hausti 2020 og var vinnan fyrsta veturinn fyrst og fremst tengd því að koma á innra mati í skólanum og sameiginlegum skilningi á verkefninu, meta skólastarfið, gera umbótaáætlun og langtímaáætlun. Gæðaráð Hríseyjarskóla hefur gert langtímaáætlun um innra mat til ársins 2024 og áætlunina má finna [hér](#). Í áætluninni koma fram matsverkefni fyrir hvert ár fyrir sig og hvernig staðið er að matinu. Hér má sjá [starfsáætlun](#) gæðaráðs Hríseyjarskóla fyrir veturinn 2020 - 2021.

## Niðurstöður mats

Vinna gæðaráðsins fór hægt af stað og voru á því ýmsar skýringar en aðallega þær að starfsfólki fannst verkefnið yfirgripsmikið og óskýrt og að mikil vinna fór í að opna leikskóladeildina aftur og fram yfir áramót vantaði starfsmann þar í meira en hálfu stöðu. Það fór því mikill tími í skipulag og afleysingar og lítið var um lausa fundartíma þar sem allir í gæðaráði gátu fundað. Eftir áramót var aukinn þungi settur í gæðaráðið og starfsfólk náði að skapa sér eignarhald á verkefninu. Vinna gæðaráðsins tók mið af niðurstöðum ytra mats Menntamálastofnunar ásamt umbótaáætlun fyrir 2020 - 2021 og sneri aðallega að grunnskólanum en á næsta ári þegar leikskólinn er kominn í fastara form verður leikskóladeildin með í innra matinu. Við gerð matslistanna reyndist stundum erfitt að við gera grein fyrir ýmsum þáttum þar sem við erum í fámennum skóla og staðlaðir listar miðast gjarnan við fjölmennari skóla.

Hér fyrir neðan verður sagt frá niðurstöðum á mati gæðaráðsins, birtar helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans fyrir skólaárið 2020 - 2021 og sagt frá hvernig gengið hefur að ná fram þeim þáttum sem voru í umbótum. Þar sem gæðaráðið var að stíga sín fyrstu skref var ákveðið að gæðaráðið myndi fara yfir gögn, ræða niðurstöður og fylla út matslista í tengslum við þættina *nám og kennsla* og *innra mat* en geyma *stjórnun og fagleg forysta* þar til á næsta starfsári.

## Nám og kennsla

Gæðaráð Hríseyjarskóla tekur mið af viðmiðum Akureyrarbæjar við mat á skólastarfi. Matslista má sjá hér - [Nám og kennsla](#). Markmið Hríseyjarskóla skólaárið 2020 - 2021 var að vinna að umbótum í tengslum við ytra mat en einnig voru lítillega skoðaðir tveir þættir í innra matinu:

- Inntak, árangur, framfarir
- Kennsluhættir, gæði náms og kennslu
- 

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista, niðurstöður starfspróunarsamtala og kennslustundaskimana, niðurstöður tengdar námi nemenda s.s. lesfimi og samræmdum prófum. Helstu niðurstöður benda til þess að nauðsynlegt er að uppfæra heimasíðu skólans og setja þar inn meiri upplýsingar um bæði námið og starf skólans. Þar geta foreldrar þá framvegis fengið betra aðgengi að upplýsingum um námið s.s. að námsvísar og hæfniviðmið séu foreldrum aðgengilegri. Rætt var um að endurvefja námsefniskynningar að hausti fyrir foreldra og stefnum við á að gera það í upphafi næsta skólaárs.

Aðrar niðurstöður benda til þess að starfsfólk og foreldrar séu ánægðir með að hugmyndina um nemendur Hríseyjarskóla sem *Leiðtoga í eigin námi* og í framhaldinu mætti efla nemendur enn frekar í því að temja sér slíkt viðhorf og þjálf þá markvisst í að setja sér markmið og meta eigin framfarir. Einnig er þörf á að skoða námsmat, viðmið um árangur og inngrip og gera námsmatsáætlun fyrir næsta skólaár og birta á heimasíðu skólans. Þessir þættir fara í umbætur og verða teknir fyrir í gæðaráði á næsta skólaári.

Styrkleikar mældust meðal annars í því að nándin er mikil því auðveldara að koma til móts við nemendur og þeirra þarfir og að flæði á milli leik- og grunnskóla er gott. Margir sameiginlegir viðburðir eru yfir skólaárið og skólahópur fær því góða aðlögun. Starfsfólk er iðið við að prófa nýjar kennsluaðferðir og hefur stigvaxandi tileinkað sér tækninýngar í sínu starfi. Starfsfólk, nemendur og foreldrar lýsa einnig yfir ánægju með Sudbury vikur, en tvisvar á hverju skólaári skipuleggja nemendur eigið nám í heila viku út frá sínum áhuga og setja sér markmið og vinna að þeim.

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námssvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

#### Umbætur næsta árs

- Endurskoða námsvísa/kennsluáætlanir og kynna fyrir foreldrum að hausti.
- Gera betur grein fyrir áherslum og framkvæmd vegna sértæks stuðnings í skólanámskrá.
- Birta hæfniviðmið í öllum námsgreinum og gera nemendum og foreldrum aðgengileg.
- Þjálfar nemendur í að setja sér markmið í námi og að taka þátt í að meta eigin framfarir.
- Skrá viðmið um árangur skimana og mats og til hvaða aðgerða skuli grípa í kjölfarið ef þarf.

## Innra mat

Við innra mat á skólastarfinu var tekið mið af viðmiðum Akureyrarbæjar við mat á skólastarfi, matslista má sjá hér - [Innra mat](#). Markmið Hríseyjarskóla skólaárið 2020 - 2021 var að vinna að umbótum í tengslum við ytra mat, stofna gæðaráð og koma skipulagi á innra mat skólans til að tryggja að framvegis verði innra mat skólans vel skipulagt, gagnaöflun henti viðfangsefnum, niðurstöður séu birtar og umbótamiðaðar, að skólinn tileinki sér gæðaviðmiðin þar sem að minnsta kosti 90% matsþáttanna séu grænir, þ.e. flestir eða allir þættir sterkir og verklag mjög gott.

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið voru auk matslistanna, fundargerðir, niðurstöður starfspróunarsamtala og kennslustundaskimana. Niðurstaða matsins gefur til kynna að í tveimur þáttum af þremur séu flestir þættir sem samræmast lýsingu á gæðastarfi og einn þáttur samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Búið er að vinna starfsáætlun, árs- og langtímaáætlun fyrir starf gæðaráðsins næstu fjögur árin sem verður unnið eftir samhliða innleiðingu á nýrri menntastefnu Akureyrarbæjar og þeim gæðaviðmiðum sem lögð eru til grundvallar.

Margt hefur áunnist í vinnu gæðaráðsins í vetur þó að vinnan hafi farið heldur seint af stað og margt verið óljóst í byrjun. Þegar gæðaráðið náði flugi var unnið markvisst og það skilaði þeim árangri að innra mat er nú komið í farsælan farveg innan skólans.

<b>Innra mat</b>
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

### Umbætur næsta árs

- Koma upp kerfisbundnu mati á gæðum náms og kennslu .
- Vinna áfram að umbótum tengdum [ytra matinu](#).
  - Gera árlega umbótaáætlun þar sem fram koma aðgerðir og tímasetningar. Vinna umbótaáætlun þar sem allir þættir koma fram. Tryggja að umbótaáætlun byggji á virku innra mati og öðrum gögnum um árangur.
  - Kynna áætlanir og skýrslur formlega fyrir skólaráði og hagsmunaaðilum og tryggja að fram fari umræða um þróun og úrbætur.

### Heildarniðurstaða innra mats - myndræn

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þáttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				



**RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

**GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

**LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

**GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Eins og fram hefur komið tók lengri tíma að koma vinnu gæðaráðsins af stað en áætlað var og því fór fyrsta starfsárið að mestu í það að koma innra matinu í réttan farveg, aðeins náðist að hluta til að meta þáttinn *nám og kennsla* og mat á *stjórnun og faglegru forystu* var sett í langtímaáætlun gæðaráðsins. Á næsta starfsári verður einnig unnið að því að finna leiðir til að samtvinna mat á starfsemi leikskóladeildarinnar og grunnskólans og þar með tryggja að innra matið nái yfir báðar deildir framvegis.

Heildarniðurstaða vetrarins er því sú að þeir þættir sem búið að er meta hafa komið vel út og búið að er að gera árs- og langtímaáætlun til að tryggja að aðrir verði metnir markvisst á næstu árum. Við lok skólaársins 2024 er stefnt á að 90% allra matsþáttanna fyrir bæði leik- og grunnskóla verði flestir eða allir sterkir.

## Umbótaáætlun skólaársins 2021-2022

Eins og fram hefur komið hér að ofan mun gæðaráðið funda í haust til þess að finna leiðir til þess að meta starfs leik- og grunnskólans samhliða og því verður umbótaáætlun ekki birt hér fyrr en þeirri vinnu er lokið.